

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Óveruleg breyting – svæði fyrir frístundahús í Aðalvík

4. janúar 2017

Inngangur

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og telst því óveruleg. Tillagan felur í sér lítilsháttar breytingu á greinargerð gildandi aðalskipulags en skipulagsuppdráttur helst óbreyttur. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4.2.2010 og staðfest af umhverfsráðherra þann 31.3.2010.

Ástæður breytingar

Jörðin Sæborg í Aðalvík er hvergi nefnd í greinargerð gildandi aðalskipulags. Það er þó ljóst af greinargerðinni að jörðin hefur átt að tilheyra svæði F14, eins og jörðin Garðar sem Sæborg var stofnuð út úr 1936. Í greinargerðinni er tekið fram að 12 hús standi á svæðinu í dag og eru húsin tvö í landi Sæborgar greinilega talin með öðrum húsum á svæði F14. Þá er svæðið vitlaust númerað í gildandi aðalskipulagi. Breytingunni er ætlað að laga þessi mistök.

Áhrif

Leiðrétt eru mistök í gildandi aðalskipulagi en engin áhrif eru á landnotkun.

Breyting

Með aðalskipulagsbreytingunni breytist númer svæðisins úr F14 í F41 og jörðinni er bætt við þær tvær sem fyrir eru. Uppdrátturinn breytist ekki og aðalskipulagið helst að öðru leiti óbreytt og öll ákvæði þess gilda áfram eftir breytinguna.

Tafla 1. Gildandi aðalskipulag – úr töflu 7.19 Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ.


Svæði	Ákvæði
F6 - Látrar, Aðalvík. Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 9 hús í dag. Allt að 12 ný hús.	Endurbygga má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Ekkert verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar, sbr. Töflu 7.12.
F14 - Sæból og Garðar, Aðalvík. Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 12 hús í dag. Allt að 3 ný hús.	Viðhalda skal ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð. Útlit húsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tilkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Frístundahús skulu staðsett í nágrenni við gömlu húsin.
	Minjar frá því fyrir 1950 eru verndaðar sérstaklega.
	Ekki skal spilla náttúruminjum með byggingum og viðhalda skal landslagsheildum og líffræðilegum fjölbreytileika.
	Framkvæmdir skulu nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.

Tafla 2. Breytt aðalskipulag – úr töflu 7.19 Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ.

Svæði	Ákvæði
F6 - Látrar, Aðalvík. Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 9 hús í dag. Allt að 12 ný hús.	Endurbygga má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Ekkert verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar, sbr. Töflu 7.12.
F41 – Sæból, Garðar og Sæborg, Aðalvík. Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 12 hús í dag. Allt að 3 ný hús.	Viðhalda skal ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð. Útlit húsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tilkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Frístundahús skulu staðsett í nágrenni við gömlu húsin.
	Minjar frá því fyrir 1950 eru verndaðar sérstaklega.
	Ekki skal spilla náttúruminjum með byggingum og viðhalda skal landslagsheildum og líffræðilegum fjölbreytileika.
	Framkvæmdir skulu nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.

SKÝRINGAR

- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Opið svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Lönaðarsvæði
- Náttúruverndarsvæði - friðlyst svæði
- Náttúruverndarsvæði - svæði á náttúruminjaskrá
- Hverfisverndarsvæði
- Þjóðminjaverndarsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Jökull
- Reiðleiðir
- Gönguleiðir
- Tengivegir
- I Lendingarstaðir loftfara
- II Neyðarskýli
- III Bryggjur
- IV Sendar
- V Vitar



Gildandi skipulag – hluti sveitarfélagsuppdráttar

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga

nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 1. febr. 2018



Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 20. mars 2018

